

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

2016/EES/21/24

nr. 24/2015

frá 25. febrúar 2015

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1062/2013 frá 30. október 2013 um framsetningu evrópska tæknimatsins fyrir byggingarvörur ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 2p (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 157/2014) í XXI. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„2q. **32013 R 1062**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1062/2013 frá 30. október 2013 um framsetningu evrópska tæknimatsins fyrir byggingarvörur (Stjtið. ESB L 289, 31.10.2013, bls. 42).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 1062/2013, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. febrúar 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. febrúar 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 289, 31.10.2013, bls. 42.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.